

Nd.

203. Frumvarp

til laga um sölu á þjóðjörðinni Höfnum í Húnavatnssýslu með hálfum Kaldrana.

Flutningsmaður: Þórarinn Jónsson.

Landsstjórninni heimilast að selja ábúandanum þjóðjörðina Hafnir með hálfum Kaldrana fyrir 29100 kr.

Greinargerð.

Þar sem stjórnarráðið hefir áður heimilað sölu á nefndri jörð fyrir þetta ákveðna verð, og ekki sýnist neitt það hafa fram komið, er í eðli sínu hafi getað gefið tilefni til hækkunar á verði jarðarinnar, verður að teljast rjett, að ábúandinn fái hana keypta þessu verði.